

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 411/2003

2005/EES/49/25

frá 5. mars 2003

**um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu Bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 frá 29. mars 1999 <sup>(1)</sup> um stefnu Bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin ákvarðar hlutfallstölurnar fyrir þurrflutningaskip, tankskip og stjakkbáta, sbr. regluna „gamalt fyrir nýtt“, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 718/1999 og að höfðu samráði við aðildarríkin og samtök, sem eru í fyrirsvari fyrir flutninga á skipgengum vatnaleiðum á vettvangi Bandalagsins.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999 frá 16. apríl 1999 <sup>(2)</sup> um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 eru ákveðnar hlutfallstölur sem eiga að gilda frá 29. apríl 1999 að því er varðar regluna „gamalt fyrir nýtt“.
- 3) Hlutfallstölurnar skulu lækkaðar jafnt og þétt, eins hratt og unnt er og í reglubundnum áföngum, allt niður í núll eigi síðar en 29. apríl 2003 skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999.
- 4) Hlutfallstölur samkvæmt reglunni „gamalt fyrir nýtt“ voru lækkaðar árið 2000, 2001 og 2002 samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1532/2000 <sup>(3)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 997/2001 <sup>(4)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 336/2002 <sup>(5)</sup>.

- 5) Hlutfallstölurnar samkvæmt reglunni „gamalt fyrir nýtt“ skulu frá og með 29. apríl 2003 settar á núll fyrir þurrflutningaskip, tankskip og stjakkbáta í samræmi við annan málslið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999.
- 6) Nauðsynlegt er því að breyta reglugerð (EB) nr. 805/1999 í samræmi við það.
- 7) Haft hefur verið samráð um ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, við sérfræðingahóp um stefnu Bandalagsins varðandi flutningsgetu og eflingu flota Bandalagsins sem komið var á fót með 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 805/1999.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 805/1999:

1. Í 1. mgr. 4. gr. komi hlutfallið „0:1“ í stað „0,30:1“.
2. Í 2. mgr. 4. gr. komi hlutfallið „0:1“ í stað „0,45:1“.
3. Í 3. mgr. 4. gr. komi hlutfallið „0:1“ í stað „0,125:1“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 29. apríl 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Loyola DE PALACIO

*varaforseti*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 62, 6.3.2003, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2003 frá 26. september 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 18.12.2003, bls. 25.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 90, 2.4.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 64.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 175, 14.7.2000, bls. 74.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 142, 29.5.2001, bls. 18.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 53, 23.2.2002, bls. 11.